

8. desember 2014

## Til sjóðfélaga Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna

### Réttindi í Hlutfallsdeild verða leiðrétt til lækkunar um 9,65%

Á ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna sem haldinn var þann 26. mars 2014, kom fram að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar sjóðsins var um síðustu áramót neikvæð um 9,72%. Stjórn sjóðsins lagði því fram tillögu um að staða deildarinnar yrði leiðrétt með því að lækka réttindi. Sjóðfélagar greiddu atkvæði um tillöguna og var hún samþykkt á þann veg að leiðréttingin skyldi tekin í einu skrefi og að árleg réttindaávinnsla eða hlutfall eftirlauna skuli vera 1,92% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi í stað 2,125% áður.

### Forsendur leiðréttingar

Það hefur verið fyrirbyggjandi um nokkurt skeið og kynnt á ársfundum síðustu ára að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar væri neikvæð og að til skerðingar réttinda gæti komið. Nú er liðið fimmta árið í röð þar sem tryggingafræðileg staða er undir -5% og þarf því samkvæmt lögum að leiðrétta stöðuna. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins fór yfir það á seinasta ársfundi að hér er ekki um að kenna ávöxtun deildarinnar, en að öðru óbreyttu þarf ríflega 3,5% raunávöxtun á ári til að viðhalda óbreyttri stöðu. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára var 4,41% og síðustu 10 ára 4,09%. Veikingu á stöðu deildarinnar á undanförunum árum má rekja til breyttra forsendna og því að skuldbindingar hækkuðu af þeim sökum.

Helsta frávík í forsendum er lengri meðalævi en upphaflega var áætlað. Í lokaðri deild sem þessari, þar sem hlutfall þeirra sem enn greiða til deildarinnar er lágt, er einungis hægt að mæta aukningu skuldbindinga með leiðréttingu áunninna réttinda. Því er nauðsynlegt að koma á jafnvægi milli eigna og skuldbindinga deildarinnar með lækkun réttinda.

### Framkvæmd

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest ofangreindar breytingar á samþykktum sjóðsins með bréfi dags. 28. nóvember 2014. Greiðslur vegna eftirlauna og örorkulífeyris munu því lækka frá og með 1. janúar 2015. Ýtarlegri upplýsingar og dæmi um áhrif leiðréttingarinnar á lífeyri þinn og ráðstöfunartekjur eru á næstu síðu.

**Leiðrétt frá  
janúar 2015**

## Skýringar og dæmi

Lækkun árlegrar ávinnslu lífeyrisréttar úr 2,125% í 1,92% þýðir að áunnin réttindi og þar með greiðslur frá sjóðnum lækka frá því nýjar samþykktir taka gildi um 9,65%. Sá sem áður fékk 100.000 kr. mánaðarlega, fyrir skatt, fær eftirleiðis 90.353 kr. Áhrif á ráðstöfunartekjur ráðast af fjárhæð lífeyris og því í hvaða skattþrepum greiðsla lendir. Einnig eru ýmsir að fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sem taka mið af greiðslum frá lífeyrissjóðum og hefur það jafnframt áhrif á hvernig ráðstöfunartekjur breytast. Því næst einungis nákvæm mynd fyrirfram fyrir hvern einstakling með því að fara inn á reiknivél lífeyris hjá Tryggingastofnun á slóð [www.tr.is](http://www.tr.is) og setja þar inn einstaklingsbundnar forsendur um lífeyrisgreiðslur, skattkort, vaxtatekjur, sem og aðrar tekjur. Við mælum með því að þeir sem þessa þurfa skoði sína stöðu í reiknivélinni, en ágætis nálgun fæst einnig með því að skoða dæmin hér á eftir.

Í töflunni hér fyrir neðan er gert ráð fyrir að viðkomandi búi ekki einn og að hann eigi rétt hjá Tryggingastofnun vegna 67 ára aldurs eða vegna örorku. Miðað er við að viðkomandi nýti eigið skattkort að eins miklu leyti og hægt er hjá Lífeyrissjóði bankamanna.

| Lífeyrisgreiðslur fyrir leiðréttingu     | 100.000 | 200.000 | 300.000 | 400.000 |
|------------------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Eftir skatt frá Lífeyrissjóði bankamanna | 100.000 | 175.898 | 237.382 | 297.753 |
| Eftir skatt frá Tryggingastofnun         | 86.270  | 49.027  | 24.982  | 22.120  |
| Ráðstöfunartekjur                        | 186.270 | 224.925 | 262.364 | 319.873 |

| Lífeyrisgreiðslur eftir leiðréttingu     | 90.353  | 180.706 | 271.059 | 361.412 |
|------------------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Eftir skatt frá Lífeyrissjóði bankamanna | 90.353  | 163.801 | 219.671 | 274.500 |
| Eftir skatt frá Tryggingastofnun         | 92.188  | 53.666  | 31.940  | 22.120  |
| Ráðstöfunartekjur                        | 182.541 | 217.467 | 251.611 | 296.620 |

|                             |        |        |         |         |
|-----------------------------|--------|--------|---------|---------|
| Breyting ráðstöfunartekna   | -3.792 | -7.458 | -10.753 | -23.253 |
| Lækkun ráðstöfunartekna í % | -2,04% | -3,32% | -4,10%  | -7,27%  |

Við viljum einnig benda þeim sem við á, að uppfæra tekjuáætlanir sínar hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir að breytingin hefur átt sér stað, svo að þar verði tekið tillit til breyttra greiðslna frá lífeyrissjóðnum. Að öðru leyti kallar réttindaleiðréttingin ekki á viðbrögð af þinni hálfu.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, [www.lifbank.is](http://www.lifbank.is). Þar má m.a. finna fundargerð ársfundar, tryggingafræðilegar úttektir og kynningar á samþykktarbreytingum og áhrifum þeirra. Eins er velkomið að hringja í síma 569 0900 eða koma í heimsókn að Skipholti 50 b, 105 Reykjavík og spjalla við starfsfólk okkar ef þú hefur einhverjar spurningar.

Fyrir hönd Lífeyrissjóðs bankamanna  
Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri